

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 27. nóvember 2012 kl. 13:00 í Nýja Garði

Mætt voru: Ármann Jakobsson (stjórnaði fundi undir lið 4), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi nema undir lið 4), Birna Arnbjörnsdóttir, Guðni Elísson, Gunnar Harðarson, Kolfinna Jónatansdóttir, Páll Skúlason, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Anna Agnarsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir og Irma Erlingsdóttir boðuðu forföll. Fulltrúi Málvísindastofnunar mætti ekki.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð vegna fundar 22. júní samþykkt með breytingum á orðalagi í liðum 2 og 6.c.

2. *Reglur Vigdísarstofnunar*: ÁE kynnti tillögu að reglum fyrir Vigdísarstofnun (Tungumálasetur). Nokkur umræða varð um heiti stofnunar og töldu sumir að það væri of líkt heiti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

- GH lagði fram tillögu um að heiti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum yrði breytt til baka í „Stofnun í erlendum tungumálum“ til þess fyrirbyggja misskilning.
- Samþykkt að fella niður grein 9.a sem hljóðar svo: „Tekjur alþjóðlegu miðstöðvarinnar eru eftirfarandi: a. framlag frá Hugvísindastofnun, ...“. Aðrir liðir færast upp (b verður a o.s.frv.).
- Breyting á orðalagi í grein 5 samþykkt. Í stað „og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%“ kemur „og skal þess gætt að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40%“.

Reglurnar voru samhljóða samþykktar með ofangreindum breytingum.

3. *Reglur Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar*: ESS og MG kynntu tillögur að breytingum á liðum 3.1-6 í samræmi við samþykkt á stjórnarfundum 22. júní 2012. Breytingar samþykktar og starfsmönnum stofnunarinnar falið að ganga frá reglum til birtingar. Samþykkt að framlengja frest til að skila umsóknum til 7. desember.

4. *Ritið – ráðning ritstjóra*: ÁE sagði frá fundi ritnefndar *Ritsins* 14. nóvember sl. Tveir sóttu um starf ritstjóra *Ritsins*, Björn Þór Vilhjálmsson og Eyja Margrét Brynjarsdóttir. Ritnefnd lagði til að EMB yrði ráðin frá áramótum og BÞV frá áramótum 2013/2014. Þannig má tryggja að hverju sinni séu ritstjórar karl og kona. Samþykkt einróma.

5. Önnur mál:

A: RK sagði að doktorsnemar óskuðu eftir að fá tilkynningar um þemahefti *Ritsins*. Þeir fá ekki Hugskot og þarf því að senda sérstaklega á þá. Samþykkt.

B: ÁE tók upp mál heimasíðu Hugvísindastofnunar og undirstofnana. Hann bað fulltrúa stofnananna um að skoða sínar síður með tilliti til þess sem er á þeim og þess sem ætti að vera á þeim. Nokkrir fundarmanna kvörtuðu undan því að seint væri brugðist við óskum um breytingar og uppfærslur.

C: PS sagði frá tveimur fyrirhuguðum málþingum. Hugsað með Platóni í desember og Hugsað með Vilhjálmí í janúar sem Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun standa sameiginlega að.

D: Vegna Hugvísindspings 8. og 9. mars lagði MG til að í fyrstu yrði kallað eftir hugmyndum að málstofum sem síðar yrðu auglýstar þannig að áhugasamir gætu boðað þátttöku. Jafnframt yrði auglýst á hefðbundinn hátt. Samþykkt.

E: GE kynnti hugmyndir frá Íslensku- og menningardeild að stofnun þriggja nýrra rannsóknastofa, um Hugræn fræði, um Framúrstefnu og um Minni og bókmenntir. Hann dreifði lýsingum á stofnunum. Nokkur umræða varð um stofnarnar. Samkomulag um að hugmyndirnar væru spennandi og vel unnar en þó yrði að huga að stöðu stofanna gagnvart rannsóknastofnununum. Málið verður rætt áfram.

Fundi slitið kl. 15:00